

Skólaráð Lágafellsskóla.

3.fundur 18.02.2020

Mættir: Lís Greipsson skólastjóri, fulltrúi foreldra: Sonja Dögg Pálsdóttir, Kristín Ásta Ólafsdóttir, fulltrúar kennara: Erla Edvardsdóttir og Guðrún I. Stefánsdóttir, fulltrúi annarra starfsmanna: Erla Björnsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags : Krístrún Kristjánsdóttir, fulltrúi nemenda: Einar Árnason.

Fundargerð ritaði Erla Edvardsdóttir.

1. Grænfáninn – staðan á verkefninu

Af þeim 7 skrefum sem nauðsynlegt er að ná er búið að taka 4 þeirra og hin 3 verða tekin á árinu. Stefnt er á að hafa hátíðleg stund þann 5.júní næstkomandi og flagga Grænfánanum þá. Skýrslu verður skilað þann 1.maí.

2. Lesfiminiðurstöður í janúar

1.árgangur mjög sterkur. Þarf að fækka börnum sem eru undir viðmiði 1 í 2.árgangi. Skólinn stendur vel miðað við landið. Lestarteymi skólans mjög virkt og er að gera afar góða hluti.

3. Framkvæmdir eignasjóðs – áætlun 2020 (viðhald o.fl. í þeim dúr)

Farið yfir viðhaldsáætlun á Höfðabergi (utan og innanhús), lóðar, merkingu bílastæða, sópun plana og snjórúðningskostnaðar. Einnig farið yfir viðhaldsáætlun fyrir Lágafellsskóla en þar er helst komið að viðhaldi á ristum skólans, þetta hurð í matsal, viðgerð á rimlum hjá ofnum á göngum skólans, mála innanhúss og fara yfir skilrúm á klósettum.

4. Kynning á stoðkerfi skólans

Lís sýndi kynningu á stoðkerfi skólans. Flest mál fara í gegnum nemendaverndarráð og fara þaðan í farveg t.d. í sérkennslu, sérdeildar, í Fellið (námsver), til uppeldisfræðings, iðjuþjálfar, náms- og starfsráðgjafa eða í Skjólíð. Reglulega er fundað (teymisfundir) með starfsfólki og foreldrum nemanda sem nýta stoðkerfi skólans þar sem mikil samskipti milli skóla og heimilis skiptir höfuðmáli.

5. Heilsuefnandi grunnskóli

Lágafellsskóli er heilsuefandi grunnskóli og í skólanum er afar virkt heilsuteymi sem hvetur bæði starfsfólk og nemendur áfram og veitir ráðgjöf o.s.frv. Skólinn hefur náð 75% markmiðanna og kemur til með að halda áfram að vinna að þessum markmiðum. Heilsuteymið hefur einnig verið að vinna að því að gera slökunarherbergi fyrir starfsfólk skólans. Næst á döfinni er að skoða hreyfifundi. Teymið kaupir einnig lýsi og D-vítamín sem starfsfólki skólans stendur til boða. Matseðlar skólans hafa verið yfirfarnir, salatbar í boði fyrir starfsfólk og kaffistofa kennara verið tekin í gegn.

6. Innra mat (tekið á næsta fundi)

7. Starfsmanna mál – horft til næsta árs (tekið á næsta fundi)

8. Önnur mál

Sonja, fulltrúi foreldra, sagði frá því að Foreldrafélagið ætli að standa fyrir fræðslufundi varðandi svefn þann 25.febrúar kl.19:30-20:30 í Hlégarði.

Fundi slitið kl.17:45